

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Ávinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



Dags eftirlits	22.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Alur Ávinnsla (áður Kratus ehf.)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór fyrirvaralaust eftirlit í Al ávinnslu vegna ábendinga er fram hafa komið um ryklosun frá verksmiðjunni. Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar gr. 3.5 í starfsleyfi er varðar mengunarvarnir við ryk uppsprettur.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór fyrirvaralaust eftirlit í Al ávinnslu vegna ábendinga um rykmengun frá verksmiðjunni.

Farið var yfir helstu ryk uppsprettur verksmiðjunnar og þær mengunarvarnir sem til staðar eru. Rekstraraðili kynnti þær framkvæmdir sem stæðu fyrir dyrum til að bæta afsog frá verksmiðjunni, sem og uppsetningu tækjabúnaðar til að vinna saltköku og framkvæmdir við hreinsivirki. Rætt var um hvort hægt væri að bæta verklag eða fara í framkvæmdir sem myndu takmarka rykmengun út um innkeyrsludyr verksmiðjunnar.

Rætt var um að ryk bærist út um dyr verksmiðjunnar sem eru oft opnar og um leið og hreyfir vind fer fínt ryk á hreyfingu innanhús og berst út. Slíkt er frávik frá gr. 3.5 í starfsleyfi verksmiðjunnar þar sem fram kemur að helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir og hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun í lágmarki.

Rætt var um að Umhverfisstofnun mun fara fram á tímasetta áætlun um þær úrbætur sem rekstraraðili hyggst grípa til.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 3.5 í starfsleyfi

Helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir. Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri. Ítrekuð rykmengun er um báðar innkeyrsludyr á suðurhlíð verksmiðjuhússins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.01.2023



Sigríður Magnúsdóttir

